

**Ed.**

**432. Frumvarp**

til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Ettir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í öllum kaupstöðum landsins, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að.

## 2. gr.

Þessar skemtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

### 1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemtanir.
- b. Sjónleikar, er njóta opinbers styrks.
- c. Fyrirlestrar og upplestrar.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Tombólur, i hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af andvirði seldra aðgöngumiða. Af tombólum greiðist sami skattur einnig af andvirði seldra happdrátta.

### 2. flokkur.

- a. Dansleikar.
- b. Danssýningar.
- c. Loddarasýningar.
- d. Fjölleikasýningar og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks.
- e. Aðrar almennar skemtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sjerstaklega.

Af skemtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemt-anaskattur.

## 3. gr.

Undanþegnar öllum skemtanskatti eru þessar opinberar skemtanir:

- a. Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje, svo sem stúdentafjelagsfyrirlestrar.
- b. Skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill.
- c. Af innanfjelags-skemtunum, sem að eins eru fyrir fjelaga og gesti þeirra, greiðist enginn skattur, en sannist það, að utanfjelagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemtunum, skal það skodað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemtun eftir 2. gr. 2. flokki.

## 4. gr.

Til að halda skemtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lög-reglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hve nær hún skuli haldin.

## 5. gr.

Lögreglustjóri innheimtir skemtanskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Um innheimtuna fer eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Skemtanaskatturinn rennur í sjerstakan sjóð, »þjóðleikhússjóð«. Honum skal varið til þess að koma upp »þjóðleikhúsi« í Reykjavík og til að styðja sjónleika, sem sýndir verða að staðaldri í því húsi. Stjórn þessa sjóðs hafa á hendi þrjú menn, valdir af kirkju- og kenlumálaráðherra, úr hóp þeirra manna, er vænta má, að kunnugastir sjeu leikment. Nefnd þessi starfar ókeypis. Auk þess að ávaxta þjóðleikhússjóðinn skal nefndin hafa með höndum allan undirbúning undir byggingu leikhússins. Kirkju- og kenlumálaráðherrann hefir eftirlit með störfum nefndarinnar.

Ríkið leggur til ókeypis lóð á Arnarhólstúni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með öll þau mál, sem út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1923, og með þeim eru úr lögum numin ákvæði laga nr. 34, 22. nóv. 1918, og reglugerða, sem á þeim lögum eru bygðar, að því leyti, sem þau fyrirmæli snerta kaupstaði, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri.